

**Ed.**

**232. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 66, 22. nóv. 1913 um girðingar.

Vjer, sem háttvirt efri deild hefir falið frumvarp þetta til athugunar, erum

á einu máli um það, að sumar breytingar, er það fer fram á, sjeu ekki til bóta, heldur miklu fremur hið gagnstæða, og að aðrar sjeu svo lítills virði, að þær geti ekki rjettlætt, að breyta lögnum um girðingar að öllu óreyndu.

Um einstök atriði skal þetta tekið fram.

Oss finst mjög athugavert að ekkert fast takmark sje i lögnum sem hámark fyrir endurgreiðsluskyldu á girðingarkostnaði, þar sem kostnað þennan má leggja á hlutaðeiganda, án hans samþykkis, og hvort sem hann er efnalega fær um að greiða hann eða ekki. En þetta ákvæði gildandi laga er farið fram á að nema í burtu.

Ákvæðið um skyldu ábúanda til að halda við girðingu er ónákvæmt, því að ekki mun til þess ætlast, að ábúandi kosti viðhaldið eingöngu, þótt sá er land á hinum megin girðingar vanræki það að nokkru eða öllu leyti, sjerstaklega þar sem önnur viðhaldsákvæði vantar.

Enga ástæðu sjáum vjer til þess, að breytt sje ákvæðunum um gjaldskyldu á girðingarkostnaði hvað kaupún snertir. Getur nauðsyn slíkra girðinga, sem annara, verið misjafnlega brýn, og úttektarmönnum treystandi til að meta hana eins og við aðrar girðingar.

2. gr. frumvarpsins getum vjer ekki betur sjeð en fari mjög illa sem viðbót við 9. gr., sem ekkert hefir inni að halda um mat á girðingarkostnaði eða úttektarmenn.

Auk þess sem nefndin telur frumvarpið gallagrip, getur hún ekki sjeð, að nauðsyn beri til að breyta girðingalögnum að óreyndu því, hverjir gallar kunni að koma í ljós við framkvæmd þeirra og leggur því til að háttv. deild felli frumvarp þetta.

Alþingis 25. júlí 1914.

Eiríkur Briem,  
form.

Guðm. Ólafsson,  
skrifari og framsögum.

Jósef J. Björnsson.